



Read the full book on: [10.1787/9789264190658-en](https://doi.org/10.1787/9789264190658-en)

Samantekt – Samnýting reynslu til bætts náms. Starfsmat í alþjóðlegu ljósi

Útdráttur á íslensku

- Stjórnvöld og stefnumótendur á sviði menntamála leggja vaxandi áherslu á mat á kennurum, skólastjórnendum, skólum og menntakerfum. Slíku mati er beitt til að öðlast betri skilning á námsárangri, veita foreldrum og samfélaginu í heild upplýsingar um menntunarlegan árangur og bæta aðferðir í stjórnun og rekstri skóla sem og í kennslu.
- Niðurstöður slíks mats eru að verða ómissandi þáttur í því að ákvarða árangur skólakerfa og veita endurgjöf, hvort tveggja í því augnamiði að bæta árangur nemenda.
- Í þessari skýrslu er gerður samanburður á reynslu 28 OECD-ríkja með greiningu á styrkleikum og veikleikum mismunandi aðferða. Veitt eru ráð fyrir stefnumótendur um hvernig beita má mati til að auka gæði, skilvirkni og jafnrétti til náms. Skýrslan byggir á stórrí OECD-rannsókn á mismunandi matsrömmum sem hafa það markmið að bæta árangur skóla (OECD Review on Evaluation and Assessment Frameworks for Improving School Outcomes).

Sameiginlegir þættir og þróun

Ýmsir þættir búa að baki aukinni notkun mats í menntakerfinu, þ. á m.:

- Aukin krafa um skilvirkni, gæði og jafnræði til að mæta efnahagslegum og félagslegum breytingum.
- Þróun í átt að auknu sjálfstæði skóla, sem kallar á eftirlit með árangri.
- Framfarir í upplýsingatækni, sem gera kleift að meta nemendur bæði sem stærri hópa og sem einstaklinga og auðvelda miðlun og stýringu upplýsinga.
- Meiri áhersla á matsniðurstöður í ákvarðanatöku á grundvelli raungagna.

Núverandi staða og beiting á mati eru mjög mismunandi milli OECD-ríkja, en ýmsir þættir eru sameiginlegir:

Matið verður umsvifameira og fjölbreyttara

Flest OECD-ríki telja nú að starfsmat á menntasviði gegni lykilhlutverki og beita því í auknum mæli. Auk þess beita þau mati nú með víðtækari hætti en áður: Áður var mat aðallega bundið við nemendur en nú er aukin áhersla lögð á mat á kennurum, skólastjórnendum og skólum, auk víðtækari notkunar á gögnum um árangur.

Mælikvarðar verða æ mikilvægari

Innan menntakerfa er vaxandi áhersla á að mæla árangur nemenda, sem gerir kleift að bera saman árangur skóla og svæða auk samanburðar yfir tíma. Flest lönd starfrækja nú gagnagrunna um menntakerfi sín og gefa út tölfræðilegar upplýsingar og árangursvísa. Samanburður milli landa verður einnig æ algengari og mótarmálin um menntamál á landsvísi.

Niðurstöður nýttar með ýmsum hætti

Niðurstöður eru notaðar til að greina á hvaða sviðum skólar ná góðum árangri og að hvaða leyti þeir þurfa að bæta sig. Einnig eru þær notaðar til að tryggja að stefnumótendur, skólastjórnendur og kennara sæti ábyrgð. Í mörgum löndum eru t.d. birtir listar yfir árangur skóla til notkunar fyrir m.a. foreldra, embættismenn og fjölmiðla.

Aukin áhersla á námskröfur

Í mörgum löndum eru settar kröfur um hverju nemendur á mismunandi námsstigum eiga að kunna skil á. Þetta hefur hvatt til eftirlits með því hvort nemendur uppfylli þessar kröfur.

Áskoranir og leiðir

Lönd hafa mismunandi hefðir um mat á skólastarfi og beita mismunandi aðferðum. Þó má benda á nokkur skýr forgangsmál í stefnumörkun:

Að beita heildstæðri nálgun

Til að nýtast til fulls ættu mismunandi þættir matsins að mynda samhangandi heild. Þetta getur haft samlegðaráhrif milli þátta og komið í veg fyrir tvíverknað og ósamræmi markmiða.

Að samræma matið menntunarmarkmiðum

Matið ætti að þjóna menntunar- og námsmarkmiðum. Þetta felur í sér að samræma matið meginreglum um námsmarkmið, móta það þannig að það þjóni vel tilgangi sínum og tryggja skýran skilning starfsfólks í menntakerfinu á námsmarkmiðum.

Áhersla á að bæta kennsluáferðir

Markmiðið með mati er að bæta nám og kennsluáferðir. Í þessu ljósi þarf að tryggja að allar tegundir mats að hafi menntunargildi og hagnýtan tilgang fyrir þá sem taka þátt í því, einkum fyrir nemendur og kennara.

Að forðast bjögunaráhrif

Þar sem matskerfi hafa það hlutverk að stuðla að fyrirsvarsábyrgð geta þau haft þjáðandi áhrif á það hvað og hvernig nemendum er kennt. Sé frammistaða kennara t.d. metin að stórum hluta út frá árangri á stöðluðum prófum geta þeir hneigst til þess að „kenna fyrir prófið“, þ.e. að einblína um of á það sem prófað er í en gefa minni gaum að þroska- og námsþörfum nemenda í víðara samhengi. Mikilvægt er að lágmarka slíkar óæskilegar aukaverkanir, t.d. með fjölbreytilegri aðferðum til að meta frammistöðu skóla og kennara.

Að nemendur séu í forgrunni

Þar sem grunnmarkmið matsins er að bæta kennsluáðferðir og nám ættu nemendur að vera útgangspunkturinn. Þeir ættu að skuldbinda sig náminu og fá tækifæri til að meta eigin árangur (sem er auk þess mikilvægt veganesti fyrir símenntun). Einnig er mikilvægt að útvíkka menntun þannig að hún þroski m.a. gagnrýna hugsun, félagsfærni, skuldbindingu gagnvart námi og stuðli að almennri farsæld. Ekki er auðvelt að meta þessa þætti, sem gildir raunar um fjölmarga aðra þætti sem hafa áhrif á árangur náms. Árangursmælikvarðar þurfa því að vera víðtækir og byggja bæði á megindlegum og eigindlegum gögnum sem og vandaðri greiningu.

Að byggja upp getu á öllum stigum

Uppbygging á skilvirkum matsramma krefst þróunar á öllum stigum menntakerfisins. Til dæmis geta kennarar þurft á fræðslu að halda um leiðsagnarmat, starfsmenn skóla að uppfæra kunnáttu sína í utanumhaldi gagna og skólastjórar – sem sinna aðallega stjórnunarverkefnum – að bæta stjórnunarhæfni sína á sviði kennslu. Auk þess kann að vera þörf á miðlægu átaki í þróun þekkingargrunns, tækja og leiðbeininga til aðstoðar við mat.

Að mæta staðbundnum þörfum

Matsramminn þarf að stuðla að réttu jafnvægi milli samræmdrar framkvæmdar á miðlægum markmiðum og þess að laga slík markmið að sérstökum þörfum svæða, hverfa og skóla. Þetta getur krafist þess að viðmið séu sett á landsvísi en sveigjanleg nálgun sé einnig heimilud innan þeirra til að mæta staðbundnum þörfum.

Vandaður rammi ásamt því að tryggja samstöðu

Til að vera vel úr garði gerðir þurfa matsrammar að byggjast á upplýstri greiningu stefnumiða og bestu venjum, sem kann að krefjast tilraunaverkefna. Til að framkvæmdin gangi auk þess vel þarf að leggja mikla áherslu á samstöðu allra hagsmunaaðila, en þeir eru líklegri til að samþykkja breytingar ef þeir skilja forsendur þeirra og hugsanlega gagnsemi.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjölbýngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



Read the complete English version on OECD iLibrary!

© OECD (2013), *Synergies for Better Learning: An International Perspective on Evaluation and Assessment*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/9789264190658-en